

Námskeið í þróunarheimspeki:

Þróun mannsins.

*Upphafið, dýramaðurinn - einstaklingsmyndun.
Lemúríútíminn, Atlantistíminn, Aríski tíminn*

Hlutverk mannsins á jörðinni er að birta andann í efninu, þ.e. að vera vitsmunalegur tengiliður milli anda og efnis. Hann er líka kóróna sköpunarverksins, í honum býr allt sem hægt er að finna í alheiminum, því stefnir allt í nátturuni að því að verða maður.

Skipta má þróunartíma mannkynsins í 7 tímabil og um leið í 7 kynstofna. Hvert þessara tímabila er kennt við einn kynstofn. Hver kynstofn er tengdur meginlandi.

1. **Kynstofn** - Ekki í líkamlegri birtingu, kynlaus.
Meginland - "Hið ævarandi heilaga land."
Sjálfskapaður í mynd Guðs.
(Astralsviðinu ?)
2. **Kynstofn** - Eterísk birtingu, kynlaust.
Meginland - "Hyperborean." (Svalbarði og N-Grænland leifar af því)
3. **Kynstofn** - Í líkamlegri efnisbirtingu (frummaður)
Meginland - "Lemuria." (Í Kyrrahafi)

H.Blatvaski segir m.a í Secret Doctrine;

Fyrir 18 millj. árum

- a) Maðurinn er ekki afkvæmi dýra.
- b) Maðurinn varð til á undan spendýrum en ekki öfugt.

Mannkynið kom niður í efnisbirtingu á þessu tímabili samhliða að plánetu-logosin tók eterbirtingu. Mannlega Helgistjórnin tók til starfa. Maðurinn fékk einstaklingsvitund og birti neista hugans í fyrsta sinn í þessari umferð. Athyglisvert er að við þennan atburð þá varð dýraríkið fyrir verulegum áhrifum af komu mannsins sem sýnir sig meðal annars í húsdýrum mannsins.

4. **Kynstofn** - Atlantíski
Meginland - Atlantis (Í Atlantshafi)

Fyrir 5 millj. árum.

Á þessu tímabili varð það mögulegt að opna vígsludyr fyrir manninn inní hið

fimmta ríki, ríki andans. Þetta hafði veruleg áhrif á jurtaríkið til þróunar þess.

Okkur er sagt að baki orðum biblíunar að “Maðurinn er herra jarðarinnar” þróist hin þrjú lægri ríki nátturunnar í gegnum manninn. Hann þarf á þeim að halda til efnislegrar birtingar og framþróunar samfélaga sinna og samhliða

notkun hans á þeim þróast þau til æðri birtingar með honum.

5. **Kynstofn** - Aríski

Meginland - Evrópa

Fyrir 1 millj. árum.

Á þessu tímabili mun þróun eiga sér stað hjá mannkyninu sem mun hafa mikill áhrif hafa steinaríkið, sambærilegum þeim sem áttu sér stað í dýra og jurtaríkinu hjá 3 og 4 kynstofninum, áhrif þess sjáum við nú þegar í geislavirkni ákveðinna jarðefna og uppgötvun mannsins á þeim og háþróaðri notkun málma hjá mannkyninu (í stríði og friði).

Mannkynið er statt í fimmta tímabilinu, þ.e. fimmta kynstofninum sem er kallaður hin Aríski og er hvíti kynstofninn. Þetta þýðir að eiginleikar þess kynstofns stýra þróuninni hjá mannkyninu á þessu tímabili. Hluti fjórða kynstofnins, er samhliða í birtingu. (Guli og svart kynstofninn). Einnig eru að koma fram vísir að næsta kynstofni, þ.e. hinum sjötta.

Þroski mannkynsins endurspeglast í vegferð þess gegnum þessi tímabil og kynstofna. En þó má telja að mannkynið sé á fermingaraldri miðað við þann þroska sem því er ætlað við lok sjöunda kynstofninn. Þróunarferill mannsins er hægur framan af en eykst síðan hratt með andlegum þroska hans þegar hann áttar sig á hlutverki sínu í alheimsþróuninni og stöðu sinni þar.